

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 17/2013

2013/EES/31/17

frá 1. febrúar 2013

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 310/2012 frá 21. desember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1569/2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útfendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB <sup>(1)</sup>.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 29e (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32012 R 0310**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 310/2012 frá 21. desember 2011 (Stjtíð. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 310/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 11.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.